

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna :

- Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 19. janúar 1904 (A nr. 1, bls. 2—3).*
- Lög um ábyrgð ráðherra Íslands, undirskrifuð af konungi 4. marz 1904 (A nr. 2, bls. 4—7).*
- Lög um stofnun lagaskóla á Íslandi, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 3, bls. 8—9).*
- Lög um eptirlaun, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 4, bls. 10—15).*
- Lög um skyldu embættismanna til að safna sjer ellistyrk eða kaupa sjer geymdan lifeyri, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 5, bls. 16—19).*
- Lög um breyting á lögum nr. 4, 19. febrúar 1886, um utanþjóðkirkjumenn, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 6, bls. 20—23).*
- Bráðabirgðalög fyrir Ísland um hegning fyrir tilverknað, er stofnar hlutleysisstöðu ríkisins í hættu, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 7, bls. 24—25).*
- Opíð brjef um kosningar til alþingis á 4 nýjum þingmönnum, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 8, bls. 26—27).*
- Auglýsing um breyting á innsigli Íslands, undirskrifuð af ráðherra Íslands 12. marz 1904 (A nr. 9, bls. 28—29).*

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun 44
konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi viðvikjandi síldveiði. Með 25. jan.
 brjefi, dagsettu 7. septbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp um ýmisleg atriði, er snerta síldveiði. Lagafrumvarp þetta, er borið hafði verið upp af þingmannahálfu, var samþykkt af alþingi síðastliðið sumar. Hafið þjer lagt það til að leitað verði allrahæstrar staðfestingar á frumvarp þetta, og látið þess um leið getið, að ákvæði frumvarpsins hafi þann tilgang að hindra að farið verði í kringum gildandi ákvæði um fiskiveiðar í landhelgi, sjerstaklega á þann hátt að láta veiðiskapinn ganga undir annars manns nafni en hins rjetta eiganda.

Þótt ráðaneytið hafi orðið að vera alþingi samdóma um, að koma beri í veg fyrir það, að þannig verði farið í kringum lögin, og þótt það einnig verði að viðurkenna, að sum ákvæði frumvarpsins að minnsta kosti geti stutt að því að komið verði í veg fyrir hinar ólöglegu veiðar, hefir ráðaneytið þó af öðrum ástæðum eigi sjeð sjer fært að leggja það til að lagafrumvarpið öðlist allra hæsta staðfesting.

Eins og ákvæði 1. og 2. gr., um bann gegn því sjerstaklega að nota »útlend« skip til söltunar í landhelgi eða verkunar á annan hátt á síld, eru orðuð, er næst að skilja þau svo samkvæmt málvenju í íslenzkri löggjöf á síðari árum, — þótt alþingi hafi eflaust ekki ætlazt til þess, — að ekki megi nota þannig dönsk skip, er ekki eiga heima á Íslandi, en það mundi koma í bága

26. dag aprilmánaðar 1904.

44 við setninguna um jafnrjetti allra danskra þegna, — hvort er búsettir eru á 25. jan. Íslandi eða eigi, — til veiðiskapar í landhelgi. Og víst er um það, að það mundi að minnsta kosti komið undir mjög óvissi og efasamri lagaskýringu, hvort jafnrjetti þetta hjeldist óskert, ef frumvarpið yrði að lögum.

Ákvæði 5. gr. frumvarpsins um að útflutningsgjald skuli greiða, þegar fiskimenn frá Danmörku eða Færeyjum flytja aptur heim með sjer síldarnætur, er þeir hafa haft með sjer til Íslands, leggja á líkan hátt eptir orðalaginu það hapt á veiðar þessar fyrir alla danska þegna aðra en þá, sem á Íslandi eru búsettir, að ráðaneytið hefir eigi getað talið það samræmilegt við hina umgetnu setningu um jafnan rjett allra danskra þegna til veiðiskapar í landhelgi.

Hinir umræddu gallar á frumvarpinu, sem efalaust hafa orðið alþingi óviljandi, og reyndar hafa eigi sem stendur neina verulega þýðingu, afþviáð Danir stunda svo lítið síldveiði við Ísland, eru þó þess eðlis, og snerta svo veruleg grundvallaratriði, að ráðaneytið í allraþegnsamlegustum tillögum sínum um málið þeirra vegna hefir lagt það til að lagafrumvarpið hlyti ekki allrahæsta staðfesting. Hefir Hans hátign konunginum 15. þ. m. þóknazt allramildi-legast að fallast á tillögur þessar.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áður nefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, er saman kom í ár, hefir samþykkt eptir löglegan undirbúning frumvarp um ýmisleg atriði, er snerta síldveiði. Frumvarp þetta var borið upp af þingmannahálfa, og leyfi jeg mjer hjermeð lotningarfyllst að senda það bæði einsog það kom frá alþingi og í danskri þýðingu.

Ákvæði fyrnefnds lagafrumvarps viðvíkjandi síldveiðinni gjöra bæði á að banna að útlend skip sjeu notuð í landhelgi við Ísland við síldarsöltun eða aðra verkun síldar, eða innlend skip, sem eru í samfloti eða tengslum við útlend skip, og bjóða að skipaðir sjeu eptirlitsmenn, einn eða fleiri, við hvern fjörð, þar er síldarveiði er, til þess að hafa umsjón með síldveiðinni og gæta þess að fylgt sje fyrirmælum gildandi laga um síldveiði, og loks að leggja útflutningsgjald á allar síldarnætur, sem fluttar eru út frá Íslandi, 1 kr. fyrir hvern ferhyrningsfaðm í nóttinni, sbr. lög um síldarnætur frá 25. septbr. f. á. Öll þessi ákvæði eru sett til þess að koma í veg fyrir að ákvæði gildandi laga um fiskiveiðar í landhelgi sjeu eigi fótum troðin, einkum með því að láta veiðina ganga undir nafni annars en hins rjetta eigananda; og með því að þessi ákvæði að líkindum gæti komið að haldi að þessu leyti, virðist vera ástæða til að leita allrahæstrar staðfestingar á þessum lögum.

45

24. marz

Brjef stjórnarráðsins til stiptsyfirvaldanna um sölu kirkjujarðar.

Samkvæmt allraþegnsamlegastri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans hátign konunginum 2. þ. m. allramildilegast þóknazt að veita allrahæst samþykki sitt til þess, að selja megi jörðina Krosshól í Svarfaðardalshreppi, sem heyrir undir Vallaprestakall í Eyjafjarðarprófastsdæmi, undan nefndu prestakalli fyrir 1750